

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2003

29. september 2003

2135

Nr. 708

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag háskólasvæðis á Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundum sínum 2. september 2003 samþykkt breytingar á deiliskipulagi háskólasvæðis sem samþykkt var 2001.

Helstu breytingar eru þær að háskólasvæðinu er skipt upp í 3 lóðir, en það var áður ein óskipt lóð, ákvæði um hæð bygginga á lóð rannsóknarhúss breytist og byggingarreitur, bílastæði og fleiri skipulagsatriði á þeirri lóð eru útfærð nánar en í eldra skipulagi.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 29. september 2003.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

26. september 2003

Nr. 709

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.

1. gr.

a-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af gimbrarlömbum að tólf mánaða aldri og skrokkar af hrútlömbum sem slátrað er fyrir 1. nóvember og eftir 1. mars, svo og skrokkar af geltum hrútlömbum, að 12 mánaða aldri, enda hafi þau verið gelt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir slátrun. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum D.

e-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af fullorðnum og veturgömlum hrútum sem slátrað er eftir 10. október og lambhrútum sem slátrað er eftir 31. október til og með 1. mars. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum H.